

Félagsleg heimþjónusta hefur það markmið að aðstoða einstaklinga og fjölskyldur sem geta ekki hjálparlaust séð um heimilishald. Þjónustan getur verið tímabundin eða til lengri tíma, allt eftir aðstæðum. Kópavogsbær hefur samþykkt reglur um framkvæmd félagslegrar heimþjónustu, sjá [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)

## Hvað felst í félagslegri heimþjónustu?

- Aðstoð við heimilisprif
- Aðstoð við innkaup
- Félagslegur stuðningur og hvatning
- Heimsending á matarbökkum

## Hverjir eiga rétt?

Samkvæmt lögum um málefni aldraðra og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga eiga þeir rétt á heimþjónustu sem búa í heimahúsum og geta ekki vegna skertrar getu, álags, veikinda, fjölskyldu-aðstæðna, barnsburðar eða fötlunar sinnt heimilishaldi hjálparlaust. Réttur til heimþjónustu er bundinn því skilyrði að fyrir liggja mat á þörf fyrir þjónustu.

## Hvernig er sótt um?

Umsóknir um þjónustu þurfa að berast skriflega til velferðarsviðs. Eyðublöð má fá í afgreiðslu velferðarsviðs, Fannborg 6 eða á heimasíðu Kópavogsbæjar [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is) Umsókn þurfa að fylgja læknisvottorð og tekjuupplýsingar.

Eftir að umsókn hefur verið móttakin og yfirfarin fer þjónustustjóri heim til umsækjanda og metur þörfina fyrir þjónustu. Þegar mat liggur fyrir er umsókn tekin fyrir á teymisfundi og í framhaldi er gengið frá þjónustusamningi sem felur í sér hvaða verkefni starfsmaður skuli inna af hendi og fjölda klukkustunda sem viðkomandi fær úthlutað mánaðarlega.

## Hvernig er greitt fyrir félagslega heimþjónustu?

Gjaldskrá fyrir heimþjónustu er tekjutengd og liggja heildartekjur einstaklings eða hjóna/sambýlisfólks til grundvallar ákvörðunar um gjaldflokk. Gjaldskrána má finna á heimasíðu Kópavogsbæjar.

## Hver hefur eftirlit og umsjón með þjónustunni?

Þjónustustjórar heimþjónustu hafa umsjón með daglegri framkvæmd heimþjónustunnar. Þjónustuþegum er bent á að snúa sér til þjónustustjóra til að fá upplýsingar um mál er tengjast heimþjónustunni á einn eða annan hátt.

## Þjónustustjórar:

- Guðrún Mogensen, netfang: [guðrunm@kopavogur.is](mailto:guðrunm@kopavogur.is).
- Halldóra María Hauksdóttir, netfang: [dorah@kopavogur.is](mailto:dorah@kopavogur.is)
- Ingibjörg Sunna Friðriksdóttir, netfang: [isunna@kopavogur.is](mailto:isunna@kopavogur.is)

**Símatímar þjónustustjóra eru alla virka daga**

**kl. 9:30 – 10:30. Síminn er 441-0000**

**Einnig er hægt að skilja eftir skilaboð í Þjónustuveri Kópavogsbæjar, s. 441-0000 og þjónustustjórar hafa samband.**